



## Minnisblað til bæjarráðs Mosfellsbæjar

**Efni:** Niðurstöður útboðs í útisvið í Álafosskvos

**Dags:** 16. júní 2022


**Málsnúmer:** 201905330/23.7

**Málsmeðferð:** Til umfjöllunar

**Frá:** Jóhanna Björg Hansen, framkvæmdastjóri umhverfissviðs

Í gildandi fjárhagsáætlun Mosfellsbæjar fyrir árið 2022 er gert ráð fyrir smíði nýs útisviðs í Álafosskvos. Útboð fyrsta áfanga sviðsins, þar sem gert var ráð fyrir jarðvinnu og steyptri gólfplötu sviðsins var auglýst í byrjun maí 2022 og átti þeim áfanga að vera lokið í byrjun ágúst 2022 eða fyrir bæjarhátíðina í Túninu Heima. (Neðar í minnisblaðinu má sjá útlitsteikningar af áformuðu nýju útisviði í Álafosskvos)

Þann 8. júní 2022 átti að opna tilboð í verkið, en því miður var ekkert tilboð sem barst. Talið er líklegt að vegna skamms verktíma og mikillar verkstöðu almennt hjá verktökum hafi verktakar ekki séð sér fært að gefa tilboð. Kostnaðaráætlun 1. áfanga framkvæmdar við útisviðs í Álafosskvos nam 10.758.000,-. Í öðrum áfanga verksins var síðan gert ráð fyrir smíði veggja og þaks fyrir útisviðið en ráðgert var að sá áfangi yrði unninn árið 2023.



Ásýnd til norðurs

Vakin er athygli á 39. gr. um opinber innkaup sem heimilar samningskaup þegar engin tilboð berast, sé ekki vikið í verulegum atriðum frá upphaflegum útboðsskilmálum. Heimilt er því að semja beint við verktaka í slíkum tilvikum.



Í ljósi aðstæðna á markaði er þó lagt til að verkið verði boðið út í heild sinni í einum áfanga um næstkomandi áramót með lengri verktíma eða til 1. júlí 2023, að því tilskildu að samþykkt fái fyrir verkefninu í fjárhagsáætlun næstkomandi árs.

### Tillaga:

Lagt er til við bæjarráð að útboð og smíði nýs útisviðs í Álafosskvos verði vísað til fjárhagsáætlunargerðar ársins 2023.

Virðingarfyllst.,

Jóhanna Björg Hansen  
Framkvæmdastjóri umhverfissviðs



Ásýnd til austurs